



Fréttabréf Brekkuskóla

8. maí 2015
9. tbl. skólaárið 2015- 2016
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag

Núna kemur út síðasta fréttabréf skólaársins, já það er að koma sumar þrátt fyrir að veðráttan sýni okkur það ekki. En við látum ekki slíkt á okkur fá og leggjum glöð af stað inni vorverkin í skólanum. Eitt af því sem við vinnum á vorin er að skipuleggja skólastarfið næsta vetur og gengur sú vinna vel. Ekki verður mikið um mannabreytingar hjá okkur í kennarahópnum og við fögnum því að búa við góðan stöðugleika. Foreldrum og nemendum verður kynnt skipulag næsta vetrar í tölvupósti fljótlega.

Við höfum nú fengið niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir í febrúar, og erum að rýna í niðurstöðurnar. Það er ánægjulegt að sjá að við mælumst fyrir ofan landsmeðaltal þegar spurt er um ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum og einnig mælumst við töluvert fyrir ofan landsmeðaltal þegar spurt er um ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda. Við þökkum það traust og trú sem birtist í þessum niðurstöðum. Áhugasamir geta nálgast niðurstöður úr þessari könnun sem og öðrum könnunum, á heimasíðu skólans.

Framundan í næstu viku eru Brekkuskólaleikarnir en það er íþóttaviðburður sem byrjaði í tengslum við Comeníusarverkefni sem við vorum aðilar að og snerist m.a. um heilbrigði og hreyfingu. Þessir leikar eru misumfangsmiklir en við höfum ákveðið að á ólympíuleikaári þá höfum við þá stærri og öflugri en minni þess á milli. Að þessu sinni munu leikarnir standa frá morgni til hádegis og nemendur munu reyna sig í ýmsum greinum eins og talið er upp hér til hliðar.

Góðar kveðjur úr skólanum
Jóhanna María

Gjöf frá foreldrafélaginu

Foreldrarfélagið kom færandi hendi og gaf hverjum árgangi útileikföng til að nýta á skólalóð. Brekkuskóli þakkar kærlega fyrir þessa góðu gjöf.



Brekkuskólaleikar 2015



Brekkuskólaleikar árið 2015 verða miðvikudaginn 13. maí n.k. Nemendur fara í jakahlaup, boltaleiki, golf, sund, skólahreysti og einnig taka þau nokkur dansspor.

Nemendur ferðast á milli stöðva með sínum árgangi sem auðkennir sig með ákveðnum lit. Vinabekkir verða með eins liti sem einkenni.

Markmið með leikunum eru m.a.:

- að efla samkennd meðal nemenda
- Að kynna fyrir þeim mismunandi íþróttagreinar
- að efla félagsþroska
- að kenna nemendum að virða og fara eftir leikreglum
- að kenna tillitssemi

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Einelti á netinu - Niðurstöður skólapinga - 3. hluti af 5

Við höldum hér áfram að birta niðurstöður skólapinga frá 16. október 2014. Í síðasta blaði birtum við niðurstöður úr umræðum sem tengdust tækni og námi. Að þessu sinni kynnum við niðurstöður frá hópnum sem ræddi einelti á netinu. Hópurinn sem fjallaði um þetta málefni leitaðist við að svara eftirfarandi tveimur spurningum:

Hvernig birtist einelti á netinu?

Birtingarmynd eineltis er með hótunum, lygum, móðgunum og dónaskap. Sögð eru ljót orð og ósönn orð. Framkoman meiðir og flokkast sem ofbeldi. Hunsun/útlökun og stríðni er einnig birtingarmynd eineltis á netinu.

Hvar? Á samskiptasíðum fyrst og fremst.

Hvernig líður þeim sem beitt er einelti á netinu? Vanlíðan sem getur leitt til þunglyndis.

Helstu forvarnir? Forðast ókunnuga, forðast leyndarmál, segja frá, sýna ábyrgð, eiga samræðu um það sem gerist á netinu.

Hvernig komum við í veg fyrir einelti á netinu?

Æskileg hegðun:

Við komum í veg fyrir einelti á netinu með því að sýna ábyrga og æskilega hegðun. Vera vinur og styðja þolanda. Bera virðingu fyrir öðrum og vera kurteis og heiðarlegur. Gera ekkert heimskulegt og leggja ekki aðra í einelti. Hugsa „Ef þetta væri ég“ (setja sig í spor annarra).

Forvarnir:

Halda skólaping!

Kynna sér efni á www.barnaheill.is

Kenna samskiptahæfni.

Forvarnir og fræðsla.

Standa fyrir netátaki.

Eineltislaust Ísland áttak.

Skrifa í blöðin.

Hvaða aðstoð er hægt að fá ef um einelti er að ræða?

Með samræðum við aðra s.s. foreldra eða aðra fullorðna einstaklinga. Vera óhræddur við að fá hjálp. Segja frá.

Taka afstöðu:

Geta sagt NEI. Láta vita af ólöglegu efni sem er í gangi. Ekki láta blekkja sig. Samþykkja ekki allt. Hunsu óæskilega hegðun. Taka ekki þátt í eineltinu. Samþykkja eingöngu vinabeiðnir þeirra sem þið þekkið og treystið. Ekki taka þátt í einhverju sem þú veist ekki um hvað snýst. Þora að benda á óæskilega hegðun annarra. Sýna ábyrgð og taka ábyrgð á eigin gjörðum. Hugsa áður en framkvæmt er.


Hvernig er hægt að bregðast við?:

Fylgjast með netnotkun barna og unglunga. Sleppa því að eiga samskiptasíðu. Virða aldurstakmörk. Foreldrar skoði hvað börnin og unglungarnir eru að gera á netinu. Segja alltaf rétt til nafns. Ræða saman um netnotkunina. Ræða við foreldra geranda. Segja upp neti og gera síma upptæka. Loka á samskiptasíður sem bjóða upp á nafnlaus samskipti, setja sig í spor annarra og taka ábyrga afstöðu við óæskilegri hegðun. Láta vita og ræða við geranda.





Svipmyndir úr skólastarfinu




Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – maí og júní 2015

3. maí	4. Hakk, spaghettí, salat og ávextir	5. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	6. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir	7. Björkeby fiskur, kartöflur, salat og ávextir.	8. Kakósúpa, brauð, álegg og ávestir. Morgunmóttaka í 3. bekk	9.
10.	11. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	12. Buff, kartöflustappa, salat og ávextir	13. Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, salat og ávextir Brekkuskólaleikar	14. Uppstigningadagur	15. Starfsdagur Frístund opin	16.
17.	18. Fiskur í raspi, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19. Hakkbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	20. Lax, kartöflur, salat, sósa og ávextir	21. Lambapottréttur, hrisgrjón, salat, sósa og ávextir	22. Grjónagrautur, slátur og ávextir	23.
24.	25. Annar í hvítasunnu	26. Soðinn, fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	27. Soðið slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	28. Grænmetisbuff, sósa, salat og ávextir	29. Pastaréttur, brauð og ávextir	30.
31.	1. júní Kjötþúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	2. Ofnbakaður lax, kartöflur, sósa, salat og ávextir	3. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	4. Gleðidagur Fiskur og kenjar kokksins, salat og ávextir. 	5. Leikir og vörgrill Pylsur og pylsubrauð Foreldrar velkomnir	6.
7.	8. Skólaslit Sjá nánar á vefsíðu skólans	9. Starfsdagur	10. Starfsdagur	11. Starfsdagur	12.	13.

Reiðhjól og hjólaleiktæki

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað.



Umferð reiðhjóla á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Umferð annarra hjólaleiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellið austan megin við aðalbyggingu. Því miður er ekki hægt að geyma hjólaleiktæki inni í skólanum.

Þessar reglur eiga einnig við um rafhjól og vespur.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir